

greiða áfrýjandanum sem borgun fyrir óumsamda vinnu við hús hins stefnda 118 kr. 79 a. og sem eptirstöðvar af umsömdu verkkaupi 81 kr. 70 a. eða samtals 200 kr. 49 a. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi þangaðtil borgun skeður. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Dví dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Júlíus steinhöggvari Schou, á að greiða áfrýjandanum, Valgarði trjesmið Breiðfjörð, 200 kr. 49 a. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakæradegi unz borgað er. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvbrmán.

Nr. 34/1885.

Franz Ziemsen
 gegn
 E. Egilsson.

Dómur:

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 13. ág. þ. á., í skuldamáli milli cand. juris Franz Siemens og alþingismanns E. Egilsons, var hinn stefndi, Egilsson, sýknaður af kröfum sækjandans, en dæmdur til að greiða 12 krónur í málskostnað og 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir það að hann hafi hafnað milligöngu sáttanefndar í málinu.

Þess skal fyrst getið, að vottorð sáttanefndarinnar ber með sjer, að mál þetta hefur verið löglega lagt til sátta, og er því ekki ástæða til að vísa því frá hjeradsdómi fyrir sakir vantandi sáttaumleitunar, eða til þess fyrir þá sök að dæma hinn stefnda í málskostnað og sekt.

Mál þetta er risið út af verzlunarskuld, er áfrýjandi telur hinn stefnda vera í við verzlun Jóels Sigurðssonar hjer í bænum — en hann hefur umbod af hendi Jóels til þess að heimta inn skuldir þær, er hann (Jóel) á hjá öðrum —, að upphæð 50 kr. 95 a. Hefur hann fyrir yfirdóminum krafizt fyrst og fremst: að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ógildur og honum breytt í þá átt, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða hina uppástefndu skuld 50 kr. 95 a., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en að undirdómurinn að öðru leyti verði staðfestur. Svo hefur hann og krafizt málskostnaðar hjá hinum stefnda fyrir yfirdómi með 40 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að undirdómurinn verði staðfestur, en þó þannig, að hann verði dæmdur laus við málskostnað og sekt, eins og hann einnig hefur krafizt málskostnaðar fyrir yfirdómi eptir mati yfirdómsins. Hinn stefndi hefur að visu tekið það fram, að viðskiptareikningur sá, sem lagður hefur verið fram í málinu, sje að einu leyti óskiljanlegur, en að öllu leyti ósannaður; en sú yfirlýsing af hans hálfu er ekki nógu skýr og skorinorð neitun á skuldinni, til þess að hún verði tekin til greina sem slík, og verður því að dæma hann til að greiða skuldina, 50 kr. 95 a., með 5% vöxtum frá sátta-

kærudegi þangað til greitt er. Svo ber honum eptir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir baðum dómum, er skal ákveðinn 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Egill alþingismaður Egilsson, á að greiða áfrýjanda, cand. juris Franz Ziemsen, 50 kr. 95 a. og 5^o/_o vexti af þessari upphæð frá því málið var kært fyrir sáttanefnd og þangað til greitt verður. Svo ber honum og að greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, ella sæti hinn stefndi aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvembermán.

Nr. 27/1885.

Arnljótur prestur Ólafsson

gegn

Jóni prófasti Hallssyni.

D ó m u r :

Með því að sækjandi þessa máls hefur krafizt, að hálflenda Hofstaðasels í Viðvíkurhreppi verði dæmd eign sín, og málið þannig er eignarþrætumál, en hjeradsdómarinn hefur ekki kvatt meðdómsmenn til að dæma málið með sjer eins og fyrirskipað er um eignarþrætumál í n. l. 1.—7.—1. og tilskipun 3. júní 1796, 24. gr., þá ber ex officio að dæma hjeradsdóminn ómerkan.